

STARFSLEYFI

HS Veitur hf.

Stórar spennistöðvar, viðgerðaaðstaða eigin véla
Eyravegi 53, fastanr. F2185771/0101, F234579/0102
800 Selfoss

kt. 431208 0590

Nafn og kt. rekstraraðila: **HS Veitur hf., kt. 431208 0590**
Heimilisfang: **Brekkustígur 36, 260 Reykjanesbær**

Útgáfudagur: 12. apríl 2019

Gildir til: 12. apríl 2031

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir HS Veitur hf. vegna stórrar spennistöðvar og viðgerðaraðstöðu eigin véla
dags. 12. apríl 2019

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sækji um að leyfið færst yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 12. apríl 2019



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

HS Veitur hf.

kt. 431208 0590

**vegna stórrar spennistöðvar að Austurvegi 66, 800 Selfoss
og viðgerðaraðstöðu eigin véla að Eyravegi 53, 800 Selfoss**

Starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

Rgl.nr.

| | | |
|-----|---|-----------------|
| 1.1 | Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir annars végar rekstur stórrar spennistöðvar, þar sem spennar innihalda yfir 2.000 litra af spennaolíu, og hins végar um viðgerðaraðstöðu eigin véla á ofangreindum starfsstöðvum fyrirtækisins. | 550/2018 5 gr. |
| 1.2 | Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði. | 550/2018 5 gr. |
| 1.3 | Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. | 550/2018 13 gr. |

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐAMÖRK

Rgl.nr.

| | | |
|-----|---|-------------------------------|
| 2.1 | Rekstraraðili skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðarmörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur til afnota. | 550/2018 og rgl. nr. 112/2012 |
| 2.2 | Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrifalegum. | 737/2003 17 gr. |
| 2.3 | Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slysahættu. | 737/2003 16 og 18 gr. |



3. MENGUNARVARNIR

Rgl.nr.

| | | |
|-----|--|--|
| 3.1 | Spennar skulu vera þannig frágengnir að ekki sé hætta á mengun jarðvegs, grunnvatns eða yfirborðsvatns. | 737/2003, rgl nr. 796/1999, rgl. nr. 797/1999 og rgl. nr. 550/2018 |
| 3.2 | Spennar sem standa utandyra skulu staðsettir í olíuheldri þró sem tekur að minnsta kosti við rúmmáli þess spennis sem er með mesta olíu. Allar tengingar við spenna skulu lagðar yfir ystu þróarveggi og skal svæðið afgirt traustri girðingu. | 884/2017 |
| 3.3 | Spennar sem eru innanhúss skulu vera í lokuðu og lekaheldu rými án niðurfalls. Gæta skal þess að olía berist ekki í frárennsli. | 884/2017 |
| 3.4 | Ef vatn í spennaþró inniheldur yfir 15 hlutum í milljón (ppm) af olíu getur það valdið mengun. Olíumengað vatn skal flutt af og fargað í samræmi við ákvæði laga og reglugerða af viðurkenndum aðilum sem hafa gilt starfsleyfi. Vatni sem ekki er olíumengað má hleypa í fráveitu eða á land að undangengnum prófunum á því. Verklag við förgun á vatni úr spennaþró skal vera með samþykki heilbrigðisnefndar. | 796/1999 og rgl. nr. 797/1999 |
| 3.5 | Þegar þörf er á viðgerð affspennis skal taka sýni af spennaoliu til greiningar á PCB og umhverfisskaðlegum staðgengilsefnum þeirra, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 739/2009, sé innihald oliunnar ekki þekkt eða ef ekki liggur fyrir eldri greining á spennaolíunni. | 739/2009 |
| 3.6 | Tilkynna skal til eftirlitsaðila ef spennaoliu hefur borist út í umhverfið og skal þar koma fram áætlað magn, ástandslýsing og viðbrögð. Tilkynningin skal berast eins fljótt og kostur er frá því að leki uppgötvast. | 884/2017 |
| 3.7 | Ísofbúnað eða ísogefni skal hafa til taks og nota ef spilliefni lekur niður. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112. | 884/2017 og lög nr. 75/2000 |
| 3.8 | Rekstraraðili hefur eigið eftirlit með starfsemi spennistöðva, þar sem kemur m.a.: a) Fjöldi rafspenna, tegund og magn einangrunaroliu og rýrnun. b) Fjöldi háspennurofa, tegund og magn gróðurhúsalofttegunda/ ósoneyðandi efna og rýrnun. c) Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila, s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála. d) Notkun, flutningur og förgun spilliefna, sbr. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni. | 550/2018 8 og 57 gr. |



| | |
|---|-------------------------------------|
| e) Magn olíusora og sands í olíuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila. Heilbrigðis-eftirlitið skal hafa aðgang að ofangreindum skráningum. | |
| 3.9 Mengist jarðvegur vegna starfseminnar er rekstraraðili ábyrgur fyrir því að hann sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Hollustuverndar ríkisins (nú Umhverfisstofnun) nr. 8/1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi. | 884/2017 5. gr. |
| 3.10 Flutningsaðili 1000 lítra af spennaolíu, eða meira, og flutningsaðilar sem flytja spennaolíu eða búnað sem inniheldur PCB eða umhverfisskaðlegan staðgengilsefni þeirra skulu hafa réttindi til að flytja hættulegan farm. | 1077/2010 |
| 3.11 Leggist starfsemin niður skulu olíutankar og annar búnaður fjarðlægður í samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og spilliefnum komið í viðurkennda förgun. Tilkynna skal heilbrigðieftirliti ef starfsemin er lögð niður eða ef eigendaskipti verða. | 550/2018 og rgl. nr. 806/1999 |

4. MEÐFERÐ HÆTTULEGRA EFNA

Rgl.nr.

| | |
|---|--|
| 4.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluduð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. | 415/2014 og lög nr. 61/2013 |
| 4.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta á þeim. | 550/2018 |
| 4.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013. | 888/2015 5. gr. og lög nr. 61/2013 |
| 4.4 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasönum efnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári. | 550/2018 |

5. MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SPILLIEFNA

Rgl.nr.

| | |
|---|----------|
| 5.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að eftir ákvæðum reglugerðar nr. | 737/2003 |
|---|----------|



737/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum.

| | | |
|-----|--|--------------------------------|
| 5.2 | Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna. | 806/1999 |
| 5.3 | Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu. | 798/1999 5 gr. |
| 5.4 | Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveisst þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski. | 806/1999 |
| 5.5 | Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna. | 806/1999 |
| 5.6 | Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við effirlit hjá rekstraraðila. | 806/1999 11 gr. |
| 5.7 | Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum. | 806/1999 og rgl. nr. 1040/2016 |

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, lög nr. 75/2000 um brunavarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um mengun grunnvatns, reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess, reglugerð nr. 1077/2010 um flutning á hættulegum farmi á landi, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar og reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Selfossi, 12. apríl 2019

F.h. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands,

Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

HS Veitur hf.

kt. 431208 0590

Brekkustíg 36, 260 Reykjavík

vegna reksturs og viðhalds dreifikerfis rafmagns í Sveitarfélginu Árborg með stóra spennistöð að Austurvegi 66 og viðgerðaraðstöðu eigin véla að Eyravegi 53, Selfossi.

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefn Suðurlands barst þann 22. febrúar sl. umsókn Þorgríms St. Árnasonar, kt. 270257 5509, f.h. HS Veitna hf., kt. 4312, um starfsleyfi fyrir rekstur og viðhald dreifikerfis rafmagns í Sveitarfélginu Árborg, þ.m.t. rekstur stórrar spennistöðvar að Austurvegi 66 og starfsstöð með lager og viðgerðaraðstöðu að Eyravegi 53, 800 Selfoss.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst samdægurs á heimasvæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.hsl.is. Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu um starfsleyfi með samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvor megi nálgast þær. Heimilt er að

gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir stórar spennistöðvar á vegum HS Veitna hf. á heimasiðu sinni. Auglýsingin var birt þann 25. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 25. mars sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Að loknum auglýsingatíma var gerð breyting á gr. 1.1. um gildissvið starfsleyfisskilyrðanna til að gera það skýrara að þau gildi bæði um spennistöð fyrirtækisins sem staðsett er að Austurvegi 66 á Selfossi og viðgerðaraðstöðu fyrirtækisins sem staðsett er að Eyravegi 53. Jafnframt var felld út síðasta setning greinarinnar þar sem hún átti ekki við.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Á 195. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 10. apríl sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn HS Veitna tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 12 ára að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum. Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 12. apríl 2019.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi